

**Aðalfundur Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna,
haldinn á Hótel Valakskjálfi, Egilsstöðum.
Fimmtudaginn 28. apríl 2016**

Fundarstjóri: Sunna Njálisdóttir

Fundarritari: Barbara Guðnadóttir

Fundargerð:

Jóhanna G. Hafliðadóttir bauð fundargesti velkomna á Egilsstaði og gaf formanni SFA Heiðrúnu Dóru Eyvindardóttur orðið. Heiðrún greindi frá því að áður en hefðbundinn aðalfundur hefst, fáum við erindi frá Andreu Everettsdóttur Wyman, bókasafnsfræðingi.

Andrea Wyman kemur frá Pennsylvaníu í Bandaríkjunum og er að vinna að verkefni tengdu litlum bóksafnum á landsbyggðinni og þeim breytingum sem hafa átt sér stað í starfsemi og þjónustu bókasafna undanfarin ár. Hún vill bera litlu söfnin og starfsemi þeirra í Bandaríkjunum saman við lítil landsbyggðarbókasöfn á Íslandi.

Það sem Andrea er að kanna er hvort leitað sé nýrra leiða til að fá íbúa á söfnin. Þetta er sérstaklega skoðað með hliðsjón af öllum þeim tækninýjungum sem görbreytt hafa samfélagi okkar. Áreitið hefur stórauðist, fólk getur tekið þátt í að búa til stafrænt efni, öllum standa til boða ótrúlegt magn af stafrænu efni sem jafnvel hefur þau áhrif að við náum ver að einbeita okkur og lögð er áhersla á að reyna að fylgjast með „öllu“, helst í sama tíma.

Spurningin sem Andrea er að leita svara við er, hvernig geta söfnin náð til íbúa á tímum þar sem tæknin hefur í síauknum mæli tekið yfir daglegt líf fólks?

Hvaða leiðir hafa verið farnar hér? Hafa bókasöfnin verið að breyta einhverju til að ná betur til viðskiptavina? Hvernig var það gert?

Heiðrún Dóra þakkaði Andreu fyrir og kynnti Barböru Guðnadóttur sem fundarritara og að Sunnu taki við sem fundarstjóri. Sunna lét fólk kynna sig og segja frá hvaða safni þeir koma. Síðan var gengið til formlegrar dagskrár.

Fundargerð aðalfundar

Heiðrún Dóra Eyvindardóttur, formaður stjórnar fór yfir starf stjórnar síðasta ár í skýrslu formanns. Stærsta verkefnið var að koma upp nýrri vefsíðu Samtakanna www.fina.is. Meðal annarra verkefna var undirbúningur og utanumhald haust- og vorfundar. Þá var útbúin fésbókarsíða til notkunar fyrir félagi í Samtökunum. Meginefni haustfundar sem haldinn var í Gerðubergi, var lestrarátak ráðuneytisins. Einnig greindi Heiðrún frá því að umræður hafa verið um ýmis möguleg verkefni sem eru til þess fallin að auka áhuga á lestri.

Um leið og Heiðrún bauð nýja félagi velkomna í þennan góða félagsskap, færði hún góðar kveðjur frá „öldunkafélaginu“. Einnig nefndi hún að samstarfið í stjórninni hefði verið mjög gott og að þægilegt hafi verið að hafa marga aðila í stjórninni, en varamaður var virkur í stjórnarsamstarfinu.

Skýrslu formanns var þakkað með lófaklappi.

Þá kynnti Sunna næsta dagskrárlið, en það var skýrsla gjaldkeri, Hlífars S. Arndal. Hún fór yfir reikninga félagsins. Reiknað hafði verið með tapi á árinu vegna kostnaðar við breytingar á vefsíðu félagsins, en gjöldin voru lægri en gert hafði verið ráð fyrir og tekjur hærri en gjöld.

Reikningsuppgjör var samþykkt.

Engar óskir hafa komið fram um lagabreytingar þannig að Sunna tilkynnti að sá dagskrárliður félli niður.

Kosning í stjórn.

Sunna tilkynnti að stjórnin gæfi ekki kost á sér til endurkjörs. Gefið hafa kost á sér í stjórn fyrir næsta starfsár þau Óskar Guðjónsson, Margrét Sigurgeirsdóttir og Lís Zachrison Valdimarsdóttir. Þóra Sigríður Ingólfssdóttir verður varamaður í stjórn. Stjórnin var samþykkt samhljóða.

Þá var komið að kosningu tveggja skoðunarmanna til eins árs. Erla Kristín Jónasdóttir býður sig fram til skoðunarmanns en Óskar Guðjónsson gefur ekki kost á sér áfram. Sólveig Guðrún Arngrímsdóttir gefur kost á sér í hans stað. Erla Kristín og Sólveig voru samþykktar samhljóða.

Þá fór gjaldkeri, Hlíf S. Arndal yfir fjárhagsáætlun næsta starfstímabils. Rætt var um félagsgjöldin og spurði Hlíf fundinn hvort samþykkt væri að halda óbreyttum félagsgjöldum þar sem í ljós hefur komið að félagið stendur vel fjárhagslega. Samþykkt var að halda óbreyttu félagsgjaldi fyrir næsta starfsár auk þess sem fjárhagsáætlun gjaldkera var samþykkt með lófaklappi.

Önnur mál

Margrét Sigurgeirsdóttir bað um orðið. Hún minnti á Bókasafnsdaginn sem verður haldinn 8. september. Áhersla verður lögð á ljóð þetta árið og hugmyndin er að starfsfólk bókasafna sendi inn upphaldsljóðið sitt. Má vera ljóðlína, erindi eða heilt ljóð.

Yfirskrift Bókasafnsdagsins að þessu sinni er „Út í geim“.

Pálína þakkaði stjórn fyrir vel unnin störf og kom með þá tillögu að næst eða þarnæst verði vorfundur Fínu haldinn erlendis.

Hólmkell lagði til að farið yrði til Þýskalands og að þýskir forstöðumenn hjálpuðu við að búa til ferð þangað.

Nýrri stjórn var falið að huga að þessu og jafnvel fá fólk í að undirbúa og skipuleggja.

Stefanía minnti á Landsfund Upplýsingar sem verður í Reykjanesbæ í haust. Rástefnan verður í Hljómahöllinni. Óskað var eftir að facebooksíða vegna Landsfundar verði deilt á fínu fésbókarsíðuna.

Andrea Wyman þakkaði aftur fyrir góðar móttökur og færði gestum súkkulaði.

Þóra Sigríður talaði um bókasöfnin og þá tilfinningu sem hún hefur, að bókasöfnin séu að verða mikilvægur staður í samfélaginu „aftur“ og þá kannski sérstaklega sem staður til að „hanga“ á.

Erla Kristín sagði frá hjólaferð sinni frá Osló og til Árósa á síðasta ári. Þetta var ferð með „International Association for Library Advocacy“. Heimsótt voru um 30 bókasöfn á leiðinni en yfirskrift ferðarinnar var „New skills“.